

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Saltfisksetur Íslands í Grindavík.

1. gr.

Stofnendur.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík er stofnað að frumkvæði Grindavíkurkaupstaðar kt.: 580169-1559. Stofnendur eru:

Grindavíkurkaupstaður	kt. 580169-1559
Þorbjörn – Fiskanæs hf.	kt. 420369-0429
Samherji hf. F&L	kt. 610297-3079
Stakkavík ehf.	kt. 480388-1519
Hóp ehf.	kt. 691265-0219
Grindin ehf.	kt. 610192-2389
SÍF hf.	kt. 580293-2989
Vísir hf.	kt. 701181-0779
Ísfélag Grindavíkur hf.	kt. 490283-0569
Sparisjóðurinn í Keflavík	kt. 410787-1649
Rás ehf.	kt. 520593-2179
Kristján Finnbogason	kt. 280428-3109
Rafþjónusta Birgis ehf.	kt. 621298-3729
Verslunin Bára	kt. 461270-0189
Bláa lónið hf.	kt. 490792-2369
Stefán Kristjánsson	kt. 040164-5299
Dagbjartur Einarsson	kt. 260636-2359

Saltfisksetrið starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Saltfisksetrið er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999.

2. gr.

Tilgangur.

Saltfisksetur Íslands mun setja upp og reka sýningu tileinkaða saltfiski. Markmið sýningarinnar er að:

- Safna saman og varðveita muni og myndir sem segja sögu saltfisksins í þeim tilgangi að kynna fyrir almenningi og ferðamönnum mikilvægi þessa atvinnuvegar fyrir íslenskt samfélag.
- Sinna fræðslustarfi fyrir skóla og aðrar menntastofnanir um saltfiskvinnslu og samfélagsleg áhrif hennar á Íslandi.
- Veita afþreyingu fyrir ferðamenn sem sækja Grindavík heim. Kynna fyrir gestum saltfisk, bragð hans og gæði með sérstakri áherslu á hreinleika íslensku vörunnar og fjölbreytta möguleika í matargerð.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn Saltfisksetursins skal skipuð fimm mönnum. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af Grindavíkurbæ og einn til vara til eins árs í senn. Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir sam

eiginlega af öðrum stofnendum og einn til vara til eins árs í senn. Bæjarstjórnin í Grindavík á sjálfkrafa sæti í stjórninni. Staðgengill bæjarstjóra er varamaður hans. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og gætir hagsmuna hennar gagnvart þriðja aðila. Þrír stjórnarmenn sameiginlega skuldbinda stofnunina.

Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundum.

Formaður kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar og er forsvarsmaður hennar á opinberum vettvangi.

4. gr.

Aðalfundur.

Árlega skulu stofnaðilar koma saman til aðalfundar. Á aðalfundinum skal stjórn gera grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga. Aðalfundurinn skal skipa í stjórn stofnunarinnar samkvæmt ofangreindu.

5. gr.

Stofnframlag.

Stofnfé Saltfisksetursins er kr. 2.820.000. Krónur 600.000 af stofnfénu má ekki skerða og skal þess jafnan gætt að það haldi verðgildi sínu. Fjármuni stofnunarinnar skal ávaxta með tryggum hætti.

Stofnuninni og stjórn hennar er heimilt að afla frekari framlaga frá stofnendum og öðrum aðilum eftir því sem þurfa þykir til að framfylgja markmiðum stofnunarinnar.

Fé stofnunarinnar skal einvörðungu varið til að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við að vinna að markmiðum þeim sem skilgreind eru í 2. gr.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar. Stjórnin sér um allar fjárreiður stofnunarinnar og reikningshald. Stjórnin sér um að semja ársreikning stofnunarinnar árlega og afhenda hann stofnaðilum á aðalfundi. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda Grindavíkurkaupstaðar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar. Stjórnin ákveður starfskjör framkvæmdastjóra. Hún veitir prókúruumboð fyrir stofnunina.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskránni.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn stofnunarinnar er einhuga um það. Sé stjórn einhuga um að leggja stofnunina niður skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því. Skal þá eignum stofnunarinnar ráðstafað í samræmi við markmið hennar.

8. gr.

Skráning stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Grindavík, 24. apríl 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.